



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2015.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til breytinga á hegningalögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (heimilisofbeldi). 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 778—470. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður fyrirbyggjandi frumvarp og fagnar því að varpa skal sterkara ljósi á að ofbeldisbrot eru alvarlegri ef tengsl geranda við þolanda er náði, heldur en almennt er um ofbeldisbrot. MRSÍ hefur trú á að með lagabreytingunni náist þau markmið, sem tilgreind eru í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. að vernda þolendur enn frekar og minnka tíðni ofbeldis í nánnum samböndum á Íslandi. Með frumvarpinu er, góðu heilli, farið enn lengra frá þeirri úreltu hugmynd að heimilisofbeldi sé fjölskyldumálefni einstaklinga.

Þær breytingar sem frumvarpið leggur til, miða að því að fullgilda samning Evrópuráðsins um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, svokallaðan Istanbúlsamning, sem íslensk stjórnvöld undirrituðu árið 2011. Með samningnum og því lagafrumvarpi sem hér er til um umsagnar, er verið að styrkja framkvæmdavaldið til að meðhöndla heimilisofbeldi sem alvarlegt samfélagslegt valdamál. Bent skal á að stjórnvöldum ber að vinna gegn heimilisofbeldi og vernda þolendur þess, ekki aðeins vegna fyrirhugaðrar fullgildingar Istanbúls samningsins, heldur vegna þess að alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sem ríkið hefur þegar undirgengist og fullgilt krefjast þess. Þannig hefur nefndin sem starfar á grundvelli Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (CSW), slegið því föstu að kynbundið ofbeldi falli undir samninginn. Eins hefur nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (CAT), sem starfar á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, skilgreint heimilisofbeldi sem pyndingar, sem þannig falla undir gildissvið samningsins (almenn athugasemd nefndarinnar nr. 2, útgefin 23. nóvember 2007).

Í greinargerð er tekið fram að þolendur heimilisofbeldis sýni oft einkenni meðvirkni og af þeirri ástæðu þurfi stjórnvöld að ákveða hvort kæra eigi geranda. MRSÍ telur afar jákvætt að ábyrgð á kæru skuli létt af þolanda en vill í þessu samhengi benda á að reynslan hefur sýnt að þolanda heimilisofbeldis er hvað mest hætta búin þegar hann (hún) reynir að brjótask út úr sambandinu við gerandann og að um víða veröld gjalda konur hugrekki sitt með lífi sínu. Svo



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sem að framan greinir hefur heimilisofbeldi verið skilgreint sem pyntingar og viðbrögð þolanda heimilisofbeldis eru því viðbrögð þolanda pyntinga og er því talsverð einföldun að færa verndarviðbrögð þolanda heimilisofbeldis undir hatt hugtaksins meðvirkni.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri